

Ed.

239. Nefndarátt

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs.

Frumvarp þetta er þingmannafrumvarp frá neðri deild. Í því var fyrst farið fram á 30 þúsund króna tillag úr landssjóði á ári til Landhelgissjóðsins, eða 25 þúsund króna hækkun frá því sem ákveðið er í Landhelgissjóðslögunum, en í meðferð málsins var þessi hækkun færð niður í 20 þús. kr. og frumvarpið þannig samþ. með allmiklum meiri hluta.

Nefndin viðurkennir þörfina á því, að þessum sjóði vaxi sem fyrst svo fiskur um hrygg, að hann geti innan mjög langs tíma komið landhelgisvörnunum að verklegum notum.

Á hinn bóginn er, eins og nú stendur, venju fremur óvíst um, hvernig fjárhagur landsins verður á næstu árum og að því leyti varlega farandi í að setja landssjóðsfje fast.

Eins og kunnugt er, var það tilætlunin með stofnun þessa sjóðs, að tryggja það, að sektir þær, er landssjóði áskotnuðust fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi yrðu ekki jafnóðum gerðar að eyðslufje, heldur á sínum tíma varið til eflingar fiskiveiðum landsmanna með því að verja þeim til landhelgisvarnanna.

Eftir reynslu undanfarinna ára hafa sektir þessar og andvirði upptæks afla og veiðarfæra numið miklu fje; mátti því gera ráð fyrir, að sjóðurinn eflist svo af þeim, að hann eftir ekki alllangan tíma gæti komið landhelgisvörnunum að verulegu liði. Sökum þess var tillag landssjóðs til sjóðsins ekki ákveðið hærra en gert er ráð fyrir í Landhelgissjóðslögunum, eða aðeins 5000 kr. á ári.

Nú horfir þetta nokkuð öðruvísi við. Meðan Norðurálfustyrjöldin stendur yfir, er ekki að vænta mikilla tekna fyrir sjóðinn, þar sem fiskiskipagangur til landsins er að mestu teptur. En hins vegar dregur það ekkert úr þörfinni á sem skjótustum vexti sjóðsins.

Nefndin hefir fengið skýrslu frá Stjórnarráðinu um hag Landhelgissjóðsins, er hún lætur fylgja nefndarálitinu, sem fylgiskjal. Samkvæmt því hefir hluti Landhelgissjóðsins af sektum og andvirði upptæks afla og veiðarfæra síðastliðið ár numið kr. 46340,51, en þetta ár er fyrsta ár laganna. Það sem er af þessu ári, hefir honum sama sem ekkert fje áskotnast og hlýtur því að kippa mjög úr vexti hans.

Af þessum rótum er hækkun landssjóðstillagsins í neðri deild runnin.

Landssjóðstillagið má skoða sem framlag til eflingar fiskiveiðanna og þegar á það er litið, hve yfirgnæfandi hluti landssjóðsteknanna kemur frá sjávarútveginum, má upphæð þessi ekki mikil kallast.

Nefndin verður því að leggja það til, að háttv. ed. samþykki frumvarpið óbreytt.

Að endingu verður nefndin að telja það miður farið, ef fje Landhelgissjóðsins liggur mjög lengi vaxtalaust fyrir honum í landssjóði (sbr. flgskj.).

Efri deild Alþingis, 5. ágúst 1915.

Kristinn Danielsson,
form.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögum.

Karl Finnbogason.

Fylgiskjal.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 4. ágúst 1915.

Hin háttvirta nefnd, sem efri deild Alþingis kaus til að íhuga breytingu á lögum um Landhelgissjóðinn, hefir beðist skýrslu um hve mikil eign sjóðsins hafi verið orðin um síðustu áramót.

Við síðustu áramót höfðu verið greiddar í Landhelgissjóðinn 31. des. 1914 kr. 5000,00
sem voru tillag landssjóðs fyrir það ár. 14. júlí þ. á. voru greiddar í sjóðinn — 5000,00
og þegar endurskoðun reikninganna yfir sektir fyrir ólöglegar fiski-
veiðar, upptækan afla og veiðarfæri árið 1914 var lokið, 24. síðast-
liðinn, þá sýndi sig að hluti Landhelgissjóðsins af þeim var ... — 46340,51
Samtals... kr. 56340,51

Þessar síðast töldu kr. 46340,51, hef jeg ekki sjeð fært að borga út að svo stöddu, því á landssjóði hvila svo miklar útborganir nú í svipinn, og lands-
sjóður hefir undanfarin 2 ár greitt 200,000 kr. til Landsbankans, og 100,000 kr.
til Eimskipafjelags Íslands, án þess að neitt fje sje komið þar í staðinn. Alþingi
ætlaðist til að það skarð yrði fyllt upp með láni, sem ekki hefir verið tekið enn
og ekki er að vita hvenær tekið verður.

F. h. r.

e. u.

Indr. Einarsson.

Til

hr. alþingismanns, sjera Sigurðar Stefánssonar.

Alþingi.